


HEIMIR




V. árgangur

WINNIPEG, 1908.

4. blað.

Sumarkveld við vatnið.



Sem draumsmíðis heimur, sem hulduleg borg,
nú hvílist þú, stórvatn, með götur og torg
frá skýjum og himni, sjálft stálgrátt og stillt
í stafandi logninu rólegt og milt —
með kveldroða-brydding í blámóðu fjær,
en bakkann og sandinn og smáþorpið nær.
Í hillungum eyjarnar tyllast á tá
og tangar, en víkurnar lognskyggndar gljá.

Eg sit hér og horfi í þitt hvólfspegla gler,
sem hjáliðins atburðar myndina ber
úr hreyfingarleysinu' í huga minn inn
með hjaðnandi geislum um ársalinn þinn.
Sem brú ert þú spent milli helju og heims,
til hljóðlausu strandanna ómælis geims—
sem tengingarþráður þeim táldregna hug
við tómið, er grípur hann vegleysu-flug.